

Ed.

291. Frumvarp til laga

[145. mál]

um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 23 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 29 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Seðlabankinn skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að semja um hækkun á framlagi Íslands til Alþjóðabankans úr 18.4 milljónum bandaríkjadollara í 22.2 milljónir bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollarans þann 1. maí 1944.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og framlag Íslands til Alþjóða-

bankans í samræmi við reglubundna endurskoðun á stofnfé þessara alþjóðastofnana.

Síðasta aukning á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og framlagi til Alþjóðabankans átti sér stað með lögum nr. 28 frá 28. apríl 1970.

Um 1. gr.

Kvótahækkun sú fyrir Íslands hönd, sem hér er leitað heimildar til, er í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um kvóta aðildarlandanna. Við síðustu endurskoðun árið 1970 voru kvótar miðaðir við bandaríkjadollara, sem þá voru skráðir á föstu gullverði. Síðan hefur það gerst, að dollarinn er ekki lengur grunneining alþjóðagjaldeyriskerfisins og í stað hans hafa sérstök dráttarréttindi tekið við.

Fjórðung kvótahækkunarinnar ber að greiða í formi sérstakra dráttarréttinda. Er sá hluti kvótans talinn hluti af gjaldeyrisforða Íslands eftir sem áður, enda er hægt að taka samsvarandi upphæð að láni hvenær sem er og án skilyrða. Hinir þrjú fjórðu hlutarnir eru greiddir í íslenskum krónum, sem látnar eru mynda inn eign Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Seðlabanka Íslands. Samkvæmt stofnskrá sjóðsins á það að standa sjóðnum til boða að lána þetta fé öðrum þjóðum eftir almennum reglum, ef staða landsins út á við leyfir. Ekki hefur verið farið fram á það hingað til.

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur þá meginþýðingu, að lántökumöguleikar landsins hjá sjóðnum aukast, auk þess sem úthlutun sérstakra dráttarréttinda er ákveðin í hlutfalli við kvótann.

Um 2. gr.

Hækkun á framlagi Íslands til Alþjóðabankans kemur til vegna aukningar á hlutfé bankans um 7 milljarða bandaríkjadollara, sem samþykkt var í maí 1976. Hlutur Íslands í aukningu þessari er 3,8 milljónir dollara eða 38 ný hlutabréf á 100 000 dollara hvert. Er þá miðað við gullgengi dollarans eins og það var 1. júlí 1944, en þá svaraði ein únsa gulls til 35 dollara, en svarar til 42,22 dollara í þessum útreikningi. Hlutfjár aukning Íslands á núverandi gengi dollarans svarar því til 4 584 000 dollara.

Skilmálar við áskrift þessa nýja hlutafjár eru þeir, að tíunda hluta áskriftarverðsins ber að greiða, þannig að 1% áskriftarverðsins greiðist í upphafi, en hin 9% eftir því sem um semst í áföngum fram til 1. október 1980. Afgangurinn, 90%, er ábyrgðarfé, sem stendur til tryggingar á skuldbindingum bankans.